



**FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBROTASKÓLANS Í
GARÐABÆ 4. FUNDUR Á HAUSTÖNN 2017
MIÐVIKUDAGINN 4. OKTÓBER KL.13:15**

1. Bréf o.fl. erindi.

Umsóknir um leyfi (sjá minnisblað)

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemenda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 96% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

B. Önnur bréf

- 3 nemendur segja sig frá námi.

- **Staðfesting skólaráðs á undanþágum veittum af skólameistara:**
 - Undanþága frá stærðfræði til stúdentsprófs af íþróttabraut (1 nem)
 - Undanþága frá dönsku fyrir nemendur sem ekki tóku dönsku í grunnskóla (7 nem)

2. Félagslíf og fjármál NFFG

A. Finnbogi spyr hvort ekki sé kominn tími til að fá aftur glös í mötuneyti nemenda.

Svar: skólameistari mun taka á því máli fljótlega.

B. FG/Flensburg dagurinn verður 13.október. Mun hann hefjast kl. 11:35 þá munu allir kennarar jafnt sem starfsfólk fara út í íþróttahús þar sem keppt verður í hinum ýmsu greinum.

Leyft var að drekka malt í kappdrykkju. Klappstýruhópurinn Valkyrjurnar munu hvetja liðin áfram. Enn er verið að semja um hvaða dagskrá skal vera um kvöldið í Flensburg. Kennarar munu keppa við kennara úr Flensburg í reiptogi, keppni sem FG vann í fyrra glæsilega. Bikarinn sem FG vann í fyrra verður til sýnis frá og með mánudeginum.

C. 54 nemendur fara í Þórsmörk á morgun kl. 8:30.

D. Skuggakosningar verða 12.október undir stjórn NFFG. Steinunn mun leiða hópinn.

3. Önnur mál

Borið hefur á því að nemendur séu að veipa í skólanum. Petrún spurði hvernig ætti að bregðast við slíku. Fundarmenn voru sammála um það að taka ætti hart á slíku.

Fundinn sátu:

Anna G. Hugadóttir náms-og starfsráðgjafi

Anna Jeeves fulltrúi kennara

Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari

Edith Edda Unnarsdóttir fulltrúi kennara

Finnbogi Jakobsson fjármálastjóri NFFG

Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri og

fundarritari

Petrún Björg Jónsdóttir forvarnfulltrúi

Rebekka Þurý Pétursdóttir forseti NFFG

Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi

Unnur Símonardóttir náms- og starfsráðgjafi